



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 9. desember 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Samningur við Hjallastefnu

Fyrir fundinum lá tillaga að samningi milli Hjallastefnunnar ehf og sveitarfélagsins um fag og rekstrarlega inngöngu leikskólans Barnabóls til Hjallastefnunnar. Forsendur samningsins er m.a. það samstarf sem verið hefur milli aðila þar sem Hjallastefnan og sveitarfélagið tóku upp samstarf um faglega þætti í rekstri leikskólans Barnabóls 1. júlí 2014, með samningi dags. 31. júlí 2014, þar sem heimilt var að kalla hann Hjallastefnuleikskóla. Hjallastefnan veitti leikskólanum Barnabóli faglega ráðgjöf, lagði til leikskólastjóra og kom þannig að breytingum og stýrði innleiðingu á starfsháttum, umhverfi og aðferðum Hjallastefnunnar. Með samningnum er gert ráð fyrir að Hjallastefnan taki við starfsmannahaldi og öðrum rekstri leikskólans Barnabóls þann 1. janúar 2015. Í fjárhagslegum greinum samningsins er gert ráð fyrir að árið 2013 verði haft til viðmiðunar og einingaverð samningsins sé fengið með útreikningi á kostnaði á hvert dvalargildi þess árs. Meðfylgjandi samningnum var greinargerð um samninginn ásamt útreikningi á kostnaði og skrá um húsbúnað og annað sem fylgi húsnæði þegar Hjallastefna tekur við rekstri.

Sveitarstjórn ræddi samninginn en samþykkti hann síðan með 5 samhljóða atkvæðum.

2. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

a. Fundur stjórnar 19.11.2014

Fundargerðin var til kynningar.

b. Fundur stjórnar 3.12.2014

Undir 1. lið er fjárhagsáætlun byggðasamlagsins afgreidd og var samþykkt að vísa henni til c-liðar fundarins. Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

c. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2015.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði 23.100 þús. og að Sveitarfélagið Skagaströnd greiði 27,19% eða 6.280 þús.

Sveitarstjórn samþykkti áætlunina fyrir sitt leyti og vísaði henni til seinni umræðu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.



3. Félags og skólaþjónusta A-Hún.

a. Fundur stjórnar 26.11.2014

Í 1. lið fundargerðar er fjárhagsáætlun afgreidd og var þeim lið vísað til b-liðar. Undir 2. lið fundargerðarinnar er fjallað um aukakostnað vegna utahússfrágangs við Hnitbjörg og samþykkt að senda aðildarsveitarfélögum reikning fyrir 4,5 milljónum á árinu 2014. Hlutdeild Skagastrandar, 1.220 þús. var vísað til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun undir 4. lið þessa fundar. Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

b. Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu 2015

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu sem stjórn hafði samþykkt á fundi 26.11.2014. Í henni kemur m.a. fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 74.739 þús. Skipting framlaga milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsþjónustu verði samtals 49.903 þús. til skólaþjónustu 11.318 þús. til dreifnáms 4.017 þús. og til öldrunarmála 9.500 þús. Hlutur Skagastrandar í framlögum er 19.984 þús. eða 26,7%. Sveitarstjórn samþykkti áætlunina fyrir sitt leyti og vísaði henni til seinni umræðu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

4. Viðaukar við fjárhagsáætlun

Fyrir fundinum lá tillag um viðauka þar sem lagt er til að viðaukar við fjárhagsáætlun 2014 verði samþykktir. Umræddum viðaukum var stillt upp í form í samræmi við auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001 sem var áður til umfjöllunar í sveitarstjórn 16. september sl. Tillaga um viðauka er skilgreind í greinargerð sem lá fyrir fundinum.

0246 -9611 Málefni aldraðra – Hnitbjörg. Hækkun á framlagi um 1.220 þús.

0411-4341 Samningur við Hjallastefnu. Innleiðingarkostnaður 2.000 þús.

0421 4967 Grunnskóli – Búnaðarkaup. Hækkun á rekstrarlið um 1.000 þús.

0503 9991 Menningarmál - Aðrir styrkir og framlög. Framlag til kirkjukórs 850 þús.

1302 9991 Atvinnumál – Aðrir styrkir og framlög. Lækkun um 1.500 þús.

1302 4414 Atvinnumál – Húsaleiga. Lækkun um 315 þús.

Samtals eru breytingar vegna viðauka við rekstrarþætti 3.255 þús. sem lagt er til að komi til lækkunar á handbæru fé. Fyrirliggjandi viðaukar voru samþykktir.

5. Fjárhagsáætlun 2015-2018 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2015-2018 til seinni umræðu. Umræður urðu um þær breytingar sem gerðar hafa verið að aflokinni fyrri umræðu sem og almennt um fjárhagsáætlunina.

Fyrir fundinum lá erindi frá Umf Fram þar sem óskað er framlaga vegna búnaðarkaupa. Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga.

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun 2015-2018 með áorðnum breytingum.



Í rekstraryfirliti áætlunar 2015 kemur fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 519.944 þús., þar af eru skatttekjur 354.289 þús. og rekstrartekjur 165.655 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 532.098 þús. þar af kostnaður vegna launa áætlaður 236.474 þús. Rekstrarniðurstaða er áætluð jákvæð um 1.707 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 47.245 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 57.800 þús. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 20.555 þús. og handbært fé verði í árslok 579.818 þús. Í áætlun áráanna 2016-2018 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

6. Stjórnsýslukæra

Fyrir fundinum lágu gögn vegna stjórnsýslukæru Rögnvaldar Ottóssonar vegna ákvörðunar sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar hluta sveitarfélagsins og ákvörðunar Orkustofnunar um niðurfellingu niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Auk bréfs Innanríkisráðuneytis dags. 18. nóvember 2014 og gagna sem fylgdu vegna kærunnar var svarbréf sveitarfélagsins sem ritað er af Helga Jóhannessyni hrl. hjá Lex – lögmannsstofu, dags. 1. desember 2014. Málið var til kynningar.

7. Bréf:

a. Växjö kommun, dags. 26.nóvember 2014

Í bréfinu er samantekt á þeim áhersluatriðum sem sveitarfélög í vinabæjakeðjunni sendu inn í framhaldi af vinabæjamóti á Skagaströnd 3.-6. júlí 2014. Í samantektinni kemur fram að öll sveitarfélögin sýna áhuga á samstarfi á sviði umhverfismála. Bréfið var til kynningar.

b. Snorraverkefnisins, dags. 17. nóv. 2014

Með bréfinu er gerð grein fyrir verkefninu sem er rekið af Þjóðræknisfélagi Íslendinga og Norræna félaginu á Íslandi og lýtur að því að veita ungu fólki (18- 28 ára) af íslenskum ættum í Norður – Ameríku tækifæri til að kynnast Íslandi. Með bréfinu er farið fram á fjárstyrk vegna verkefnisins. Erindi um fjárstuðning var hafnað.

c. Rauða krossdeildar Skagastrandar , dags. í nóv. 2014

Með bréfinu er kynntur jólasjóður Rauða krossins sem heitir „hjálpumst að um jólin“ og er í samstarfi við Félags- og skólaþjónustu A-Hún og kirkjuna. Samþykkt að veita 150 þús. krónum til jólasjóðsins til stuðnings við þá sem eru í fjárhagsörðugleikum um jólahátíðina.



8. Fundargerðir:

- a. Menningarráðs Nl.vestra, 10.11.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- b. Skólanefndar FNV, 18.11.2014
Fundargerðin var til kynningar.
- c. Stjórnar Samb. ísl. sv.félaga, 21.11.2014
Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Ýmsar umræður en ekki gerðar ályktanir.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11,40

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson